

HANN1SH05

Búið til: Mon, 17 Feb 2020 09:27:18 GMT

Titill

Skapandi hannyrðir

Skammstöfun

HANN1SH05

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

hannyrðir

Viðfangsefni

Skapandi hannyrðir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Viðfangsefni áfangans eru hannyrðir á breiðum grundvelli. Hannyrðir eru skilgreindar af nemendum og verk unnin með viðurkenndum hannyrðaaðferðum, s.s. þrjóni, hekli, útsaumi, hnýtingum og fleiru. Auk þess kynnast nemendur listamönnum sem nota hannyrðir í sköpun verka sinna og vinna eigið verk í framhaldi af því. Farið verður yfir sögu hannyrða frá baðstofu til hannyrðapönks og rætt um hlutverk hannyrða í nútímanum.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Aðferðum hannyrða
- Sögu hannyrða
- Hannyrðalist
- Sköpun hannyrðaverka
- Sjálfstæðum vinnubrögðum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita aðferðum mismunandi hannyrða
- Nota aðferðir hannyrða í listsköpun
- Útfæra og framkvæma eigin hugmyndir innan sviðs hannyrða
- Taka sjálfstæðar ákvarðanir um val á verki sem skal vinna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Móta hugmyndir að eigin hannyrðaverki
- Ákveða aðferð og skapa eigið verk út frá hugmyndum sínum
- Ræða og rökstyðja val á útfærslum verka

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd